

Alþingi
Erindi nr. P 141/641
komudagur 20.11.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

20. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (margnota bleiur), 20. mál.

Samtök atvinnulífsins mæla gegn samþykkt frumvarpsins en með því er gert ráð fyrir að taubleiur beri lægri virðisaukaskatt en aðrar bleiur vegna þess að þær séu umhverfisvænni.

Á undanförmum árum hafa orðið miklar framfarir við framleiðslu einnota bleia, bæði er nú notað minna efnismagn en áður og eins hafa orðið miklar tækniframfarir við framleiðsluna. Það er því í besta falli óljóst hvort fullyrðingar standist sem finna má í greinargerð með frumvarpinu um að taubleiur séu umhverfisvænni en einnota bleiur auk þess sem vinna og fyrirhöfn foreldra við margnota bleiur er óneitanlega meiri en á við um einnota bleiur.

Umfangsmestu rannsóknir á þessu sviði hafa farið fram á vegum bresku umhverfisstofnunarinnar (Environment Agency, <http://www.environment-agency.gov.uk>) og hafa komið út tvær viðamiklar skýrslur á vegum hennar. Í fyrri skýrslunni sem kom út í maí 2005 er gerð grein fyrir lífsferilsgreiningu á þrenns konar bleiunotkun (<http://www.ahpma.co.uk/docs/LCA.pdf>). Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum einnota bleia, taubleia sem þvegnar eru heima og taubleia sem þvegnar eru og straujaðar í þvottahúsi. Miðað er við að barn noti bleiur í um það bil tvö og hálf ár. Könnuð voru áhrif á auðlindir, loftslagsbreytingar, ósonlagið, eiturhrif, súmun, eiturhrif á ferskvatn og jarðveg, mengun andrúmslofts og næringarstöðu ferskvatns. Niðurstöðurnar eru í skemmstu máli þær að umhverfisáhrifin séu svipuð og að engin aðferð við bleiunotkun hafi kosti umfram aðra þegar umhverfisáhrifin í heild séu metin.

Niðurstöðurnar voru svo uppfærðar í skýrslu sem kom út í október 2008 (<http://a0768b4a8a31e106d8b0-50dc802554eb38a24458b98ff72d550b.r19.cf3.rackcdn.com/scho0808boir-e-e.pdf>). En þá kom í ljós að einnota bleiur voru 13,5% léttari en áður og til þess að umhverfisáhrif taubleia yrðu sambærilegar og hjá einnota bleium þá mætti ekki þvo þær við hærra hitastig en 60°C og helst yrði að þurrka þær á snúrum og gæta þess að þvottavélar væru vel fullar. Helst þyrftu þvottavélar að vera með orkunýtingu A+.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri.